

Opinber yfirlýsing Evrópsku landslagsráðstefnunnar

Inngangsorð

Aðildarríki Evrópuráðsins sem undirritað hafa samning þennan

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að auka einingu á milli aðildarríkjanna og standa vörð um og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og stefnumálum sem mynda sameiginlega arfleifð þeirra, og að sérstaklega er reynt að ná þessum markmiðum með samningum á sviði efnahags- og félagsmála;

leggja áherslu á sjálfbæra þróun sem byggð er á jafnvægi og samræmi á milli félagslegra þarfa, efnahagslegrar starfsemi og umhverfislegra þátta;

hafa í huga mikilvægi landslags fyrir almannahagsmuni á sviði menningarstarfsemi, náttúruverndar, umhverfis- og félagsmála, sem og að landslag myndar góð skilyrði fyrir efnahagslega starfsemi og að verndun þess, stjórnun og skipulag getur skapað ný störf;

gera sér ljóst að landslag stuðlar að myndun staðbundinnar menningar, að það er grundvallareining í náttúrulegri og menningarlegri arfleifð Evrópu auk þess sem það stuðlar að mannlegri velferð og styrkir ímynd Evrópu;

staðfesta að landslag er hvarvetna mikilvægur þáttur í lífsgæðum fólks: í þéttbýli jafnt sem dreifbýli, á gæðasnauðum svæðum jafnt sem svæðum þar sem landgæði eru mikil, á svæðum sem þekkt eru fyrir náttúrufegurð jafnt sem fábrottnari svæðum;

hafa í huga að þróun á sviði landbúnaðar, skógræktar og tækni í iðnaðar- og jarðefnaframleiðslu, auk svæðisskipulags, borgarskipulags, samgangna, grunnvirkis, ferðamennsku og afþreyingar og breytinga á efnahagsumhverfi á heimsvísu, hraða á margan hátt breytingum á landslagi;

vilja verða við óskum almennings um að fá að njóta gæðalandslags og taka virkan þátt í þróun landslags;

hafa trú á að landslag sé lykilþáttur í velferð einstaklinga og samfélags og að verndun þess, stjórnun og skipulag feli í sér réttindi og skyldur fyrir alla;

hafa tekið mið af alþjóðlegum lagatextum sem til eru á sviði verndunar og stjórnunar á náttúrulegri og menningarlegri arfleifð, svæðis- og rýmisskipulags, staðbundinnar sjálfsstjórnar og samvinnu milli landa, sérstaklega samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða Evrópu (Bern, 19. september 1979), samningi um verndun byggingarfræðilegrar arfleifðar Evrópu (Granada, 3. október 1985), Evrópusamningi um vernd fornleifaarfsins (endurskoðaður) (Valletta, 16. janúar 1992), drögum að Evrópusamningi um millilandasamvinnu milli svæðissamfélaga eða svæðisyfirvalda (Madrid, 21. maí 1980) og viðbótarákvæðum hans, Evrópusáttmála um staðbundna sjálfsstjórn (Strassborg, 15. október 1985), samningi um líffræðilega fjölbreytni (Río, 5. júní 1992), sáttmála um verndun menningar- og náttúruminja heimsins (París, 16. nóvember 1972) og sáttmála um aðgengi að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og kærurétt á sviði umhverfismála (Árósum, 25. júní 1998);

staðfesta að gæði og fjölbreytni í evrópsku landslagi eru sameiginleg auðlind og að samvinna á sviði verndunar þess, stjórnunar og skipulags er nauðsynleg;

vilja leggja fram nýtt skjal sem fjallar einvörðungu um verndun, stjórnun og skipulag alls landslags í Evrópu,

og hafa orðið ásaðtt um eftirfarandi:

I. kafli – Almenn ákvæði

1. gr. – Skilgreiningar

Í þessum samningi er miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

a. „Landslag“ merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásýnd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta;

b. „Landslagsstefna“ merkir framsetningu lögbærra opinberra yfirvalda á meginreglum, áætlunum og viðmiðunum sem heimila framkvæmd tiltekinna aðgerða sem miða að verndun, stjórnun eða skipulagi landslags;

c. „Gæðamarkmið landslags“ merkir, þegar tiltekið landslag á í hlut, lýsingu lögbærra opinberra yfirvalda á væntingum almennings hvað varðar landslagsþætti í umhverfinu;

d. „Landslagsvernd“ merkir aðgerðir til verndunar og viðhalds mikilvægra eða einkennandi þátta í landslagi, þar sem miðað er við arfleifðargildi þess vegna náttúrulegrar lögunar og/eða mannlegs athæfis;

e. „Landslagsstjórnun“ merkir aðgerðir sem, frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar, eiga að tryggja reglulegt viðhald landslagsins og samræma og veita þeim breytingum farveg sem gerðar eru vegna félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra ferla;

f. „Landslagsskipulag“ merkir aðgerðir þar sem horft er til framtíðar til að bæta við, endurbyggja eða búa til landslag.

2. gr. – Gildissvið

Samningur þessi gildir á öllu yfirráðasvæði samningsaðila og nær yfir náttúruleg svæði auk svæða í dreifbýli, þéttbýli og útjaðri þéttbýlis, og er gildissvið hans háð ákvæðum í 15. gr. Hann nær yfir land, innri vatnaleiðir og svæði við sjó. Hann nær yfir bæði landslag sem telst sérstaklega verðmætt sem og fábrotið eða gæðasnautt landslag.

3. gr. – Tilgangur

Tilgangur þessa samnings er að stuðla að verndun landslags, stjórnun þess og skipulagi og skipuleggja samvinnu milli Evrópuríkja í málum sem varða landslag.

II. kafli – Ráðstafanir á landsvísu

4. gr. – Skipting ábyrgðar

Hver samningsaðili skal innleiða þennan samning, sérstaklega 5. og 6. gr., skv. eigin valdskiptingu, í samræmi við eigin stjórnskipuleg skilyrði og stjórnsýsluskipan, í samræmi við dreifræðisregluna og með tilliti til Evrópusáttmálans um staðbundna sjálfsstjórn. Hver samningsaðili skal samhæfa innleiðingu þessa samnings við eigin stefnu, án þess að undanþága sé veitt frá ákvæðum þessa samnings.

5. gr. – Almennar ráðstafanir

Hver samningsaðili skuldbindur sig til:

a. að viðurkenna í lögum að landslag sé nauðsynlegur þáttur í umhverfi fólks, birtingarmynd fjölbreyttrar menningarlegrar og náttúrulegrar arfleifðar og grundvöllur að sjálfsmynd þess;

b. að koma á og innleiða landslagsstefnu sem miðar að verndun, stjórnun og skipulagi landslags með framkvæmd þeirra sértæku ráðstafana sem lýst er í 6. gr.;

c. að gera ráðstafanir til að tryggja þátttöku almennings, staðar- og héraðsyfirvalda og annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta í skilgreiningu og innleiðingu landslagsstefnu eins og lýst er í staflið b hér að ofan;

d. að fella landslag inn í skipulagsmál á héraðs- og bæjarvísu sem og inn í stefnumál á sviði menningar, umhverfis, landbúnaðar og félagsmála, auk hvers kyns annarra stefnumála sem hugsanlega hafa bein eða óbein áhrif á landslag.

6. gr. – Sértækar ráðstafanir

A. Vitundarvakning

Sérhver samningsaðili tekur að sér að efla vitund í samfélaginu meðal almennings, hjá einkaaðilum og opinberum yfirvöldum um gildi landslags, hlutverk þess og breytingar á því.

B. Þjálfun og fræðsla

Sérhver samningsaðili tekur að sér að efla:

a. þjálfun fyrir sérfræðinga í landslagsmati og -aðgerðum;

b. þverfagleg þjálfunarnámskeið í landslagsstefnu, verndun, stjórnun og skipulagi fyrir fagaðila í einkageiranum og hjá hinu opinbera sem og fyrir samtök sem hagsmuna eiga að gæta;

c. námskeið í viðeigandi greinum í skólum og háskólum sem fjalla um gildi landslags og álitæfni sem tengjast verndun þess, stjórnun og skipulagi.

C. Auðkenning og mat

1. Með virkri þátttöku hagsmunaaðila, eins og mælt er fyrir í 5. gr., staflið c, og með það fyrir augum að bæta þekkingu á landslagi sínu skuldbindur hver samningsaðili sig til:

a. i) að auðkenna eigið landslag um allt yfirráðasvæði sitt;

ii) að skilgreina einkenni þess og þau öfl og krafta sem umbreyta því;

iii) að taka mið af breytingum;

b. að meta landslagið og auðkenna og taka enn fremur mið af sértækum gildum sem aðilar og almenningur sem hagsmuna eiga að gæta tengja því.

2. Þessu auðkenningar- og matsferli skal stýrt í samræmi við miðlun upplýsinga um reynslu og aðferðafræði sem fer fram á milli samningsaðila á evrópskum vettvangi skv. 8. gr.

D. Gæðamarkmið landslags

Sérhver samningsaðili tekur að sér að skilgreina gæðamarkmið fyrir það landslag sem auðkennt er og metið eftir almenna umræðu í samræmi við 5. gr., staflið c.

E. Innleiðing

Til þess að koma landslagsstefnu sinni til framkvæmda tekur sérhver samningsaðili að sér að kynna skjöl sem miða að verndun, stjórnun og/eða skipulagningu landslags.

III. kafli – Evrópsk samvinna

7. gr. – Alþjóðleg stefnumið og áætlanir

Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna saman að því að meta þátt landslags í alþjóðlegum stefnumiðum og áætlunum og mælast til um að umfjöllunaratriði um landslag séu felld inn þar sem það á við.

8. gr. – Gagnkvæm aðstoð og miðlun upplýsinga

Samningsaðilar skuldbinda sig til samvinnu í þeim tilgangi að auka áhrifamátt ráðstafana sem gerðar eru skv. öðrum greinum þessa samnings, og á það sérstaklega við um:

a. að veita hver öðrum tæknilega og vísindalega aðstoð í málefnum tengdum landslagi með samnýtingu og miðlun reynslu og niðurstaðna rannsóknarverkefna;

b. að stuðla að samskiptum sérfræðinga á sviði landslags, sérstaklega hvað varðar þjálfun og upplýsingamiðlun;

c. að miðla upplýsingum um öll þau málefni sem ákvæði samningsins kveða á um.

9. gr. – Landslag á landamærum

Samningsaðilar skulu hvetja til millilandasamstarfs á staðar- og svæðisvísu og, þar sem þörf er á slíku, undirbúa og innleiða sameiginlegar landslagsáætlanir.

10. gr. – Eftirlit með framkvæmd samningsins

1. Starfandi sérfræðinganefndir sem settar eru á stofn skv. 17. gr. stofnsamþykktar Evrópuráðsins skulu tilnefndar af ráðherranefnd Evrópuráðsins til að bera ábyrgð á eftirliti með framkvæmd samningsins.

2. Að loknum hverjum fundi sérfræðinganefndanna skal aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skila inn skýrslu um það starf sem unnið hefur verið og um framkvæmd samningsins til ráðherranefndarinnar.

3. Sérfræðinganefndirnar skulu leggja fram tillögur við ráðherranefndina um viðmiðanir fyrir veitingu landslagsverðlauna Evrópuráðsins og þær reglur sem gilda um þau.

11. gr. – Landslagsverðlaun Evrópuráðsins

1. Landslagsverðlaun Evrópuráðsins eru verðlaun sem hægt er að veita staðar- og svæðisyfirvöldum og hópum þeirra sem hafa, sem hluta af landslagsstefnu samningsaðila þessa samnings, tekið upp stefnu eða gert ráðstafanir til að vernda, stjórna og/eða

skipuleggja landslag og reynst hafa áhrifaríkar og geta verið öðrum svæðisyfirvöldum í Evrópu gott fordæmi. Verðlaunin er einnig hægt að veita frjálsum félagasamtökum sem hafa átt sérstaklega mikilvægt framlag til verndunar, stjórnunar eða skipulags á landslagi.

2. Umsóknum til landslagsverðlauna Evrópuráðsins skulu samningsaðilar skila til sérfræðinganeftdanna sem nefndar eru í 10. gr. Staðar- og svæðisyfirvöld á landamærum og hópar staðar- og svæðisyfirvalda sem hlutdeild eiga geta sótt um sýni þau fram á að þau fari með stjórn þess landslags sem um ræðir.

3. Ráðherranefndin skal, á grundvelli tillagna sérfræðinganeftdanna sem lýst er í 10. gr., skilgreina og gefa út þau viðmið sem gilda um veitingu landslagsverðlauna Evrópuráðsins, samþykkja viðeigandi reglur og veita verðlaunin.

4. Veiting landslagsverðlauna Evrópuráðsins á að hvetja verðlaunahafana til að tryggja sjálfbæra verndun, stjórnun og/eða skipulag þeirra landslagssvæða sem um ræðir.

IV. kafli – Lokaákvæði

12. gr. – Tengsl við önnur skjöl

Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á strangari ákvæði sem varða verndun, stjórnun og skipulag landslags í öðrum innlendum eða alþjóðlegum skjölum sem nú gilda eða munu gilda í framtíðinni.

13. gr. – Undirritun, fullgilding og gildistaka

1. Samning þennan skulu aðildarríki Evrópuráðsins leggja fram til undirritunar. Hann skal vera háður fullgildingunni, staðfestingunni eða samþykki. Skjöl um fullgildingunni, staðfestingunni eða samþykki skal afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn skal taka gildi fyrsta dag þess mánaðar sem kemur næst á eftir fyrningardagsetningu þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins lýsa sig samþykkt því að vera bundin af samningnum í samræmi við ákvæði í undanfarandi málsgrein.

3. Hvað það varðar þegar eitthvert undirritunarríkjanna lýsir sig í framhaldi af því samþykkt því að vera bundið af samningnum skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur næst á eftir fyrningardagsetningu þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi sem skjal um fullgildingunni, staðfestingunni eða samþykki er afhent.

14. gr. – Aðild

1. Eftir að samningur þessi hefur tekið gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins boðið Evrópubandalaginu og sérhverju Evrópuríki sem ekki á aðild að Evrópuráðinu að gerast aðili að samningnum með meirihlutaákvörðun eins og kveðið er á um í 20. gr., staflað *d* í stofnsamþykkt Evrópuráðsins, og með samhljóða samþykki þeirra aðildarríkja sem rétt eiga á sæti í ráðherranefndinni.

2. Hvað varðar hvert það ríki sem gerist aðili, eða ef Evrópubandalagið öðlast aðild, skal samningur þessi taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur á eftir fyrningardagsetningu þess þriggja mánaða tímabils sem líða þarf frá þeim degi sem skjal um aðild er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

15. gr. – Svæðisbundið gildissvið

1. Sérhvert ríki eða Evrópubandalagið getur, við undirritun eða við afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, tilgreint svæðið eða svæðin sem samningurinn skal gilda yfir.

2. Hver samningsaðili getur hvenær sem er, með yfirlýsingu sem rituð er til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, útfært gildissvið þessa samnings til sérhvers þess svæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningurinn skal taka gildi á því svæði á fyrsta degi sem kemur á eftir fyrningardegi þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi sem yfirlýsing er afhent framkvæmdastjóranum.

3. Hverja yfirlýsingu sem gerð er skv. málsgreinunum tveimur hér að ofan, að því er varðar hvert það svæði sem minnst er á í slíkri yfirlýsingu, má afturkalla með tilkynningu sem send er til aðalframkvæmdastjórans. Slík afturköllun skal taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur á eftir fyrningardegi þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi sem tilkynningin berst framkvæmdastjóranum.

16. gr. – Uppsögn

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt þessum samningi upp með tilkynningu sem send er til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn skal taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur á eftir fyrningardegi þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi sem tilkynningin berst framkvæmdastjóranum.

17. gr. – Breytingar

1. Hver aðili eða sérfræðinganefndir sem nefndar eru í 10. gr. geta lagt fram breytingartillögur við þennan samning.

2. Tilkynna þarf um hverja breytingartillögu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem skal tilkynna þær til aðildarríkja Evrópuráðsins, til annarra samningsaðila og til hvers Evrópuríkis sem ekki á aðild að ráðinu en hefur verið boðin aðild að þessum samningi í samræmi við ákvæði 14. gr.

3. Sérfræðinganefndir sem nefndar eru í 10. gr. skulu skoða hverja breytingartillögu og skila inn til ráðherranefndarinnar til samþykktar þeim texta sem þrír af hverjum fjórum fulltrúum samningsaðila samþykkja. Í framhaldi af samþykkt hans í ráðherranefndinni með meirihlutaákvörðun í samræmi við 20. gr., staflíð *d* stofnsamþykktar Evrópuráðsins og með samhljóða samþykkt aðildarríkjanna sem rétt eiga á sæti í ráðherranefndinni, skal textinn sendur áfram til samningsaðilanna til samþykktar.

4. Hver breyting skal taka gildi, hvað þá samningsaðila varðar sem hana hefur samþykkt, á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur á eftir fyrningardegi þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi þegar þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hafa tilkynnt framkvæmdastjóranum samþykki sitt. Hvað varðar hvern þann samningsaðila sem samþykkir breytinguna að því loknu skal slík breyting taka gildi á fyrsta degi þess mánaðar sem kemur á eftir fyrningardegi þriggja mánaða tímabils sem líður frá þeim degi þegar áður nefndur samningsaðili tilkynnti aðalframkvæmdastjóranum samþykki sitt.

18. gr. – Tilkynningar

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, sérhverju ríki eða Evrópubandalaginu sem hafa gerst aðilar að samningum, um:

- a. sérhverja undirskrift;
- b. afhendingu á sérhverju skjali um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild;
- c. sérhverja dagsetningu gildistöku þessa samnings í samræmi við 13., 14. og 15. gr.;
- d. sérhverja yfirlýsingu sem gerð er skv. 15. gr.;
- d. sérhverja uppsögn sem gerð er skv. 16. gr.;
- f. sérhverja breytingartillögu, sérhverja breytingu sem samþykkt er skv. 17. gr. og dagsetninguna þegar hún tekur gildi;
- g. sérhverja aðra aðgerð, tilkynningu, upplýsingar eða boðskipti sem varða þennan samning.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, skrifað undir samning þennan.

Gjört í Flórens hinn 20. október 2000, í einu eintaki á ensku og frönsku sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textar jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal láta hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverju ríki eða Evrópubandalaginu, skyldi þeim verða boðin aðild að þessum samningi, í té staðfest endurrit.